



Trjátegundirnar í grenndarskóginum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að nemendur kynnist ólíkum trjátegundum og læri að greina þær og staðsetja í grenndarskóginum. Eykur þekkingu á umhverfinu og eflir hæfni í greiningu á aðstæðum.

Námsgreinar: Samþætta kennslu í náttúrufræði, lífsleikni, stærðfræði, smíði og íþróttum.

Öll aldurstig.



VERKLÝSING

Verkefnum er deilt niður á nemendur og efni tekið til, kort af skóginum ef til er, eða pappír til að draga upp línur af skóginum sem hægt er að færa inná trjágrúppur eða stök tré. Önnur útfærsla er að láta nemendur merkja uppáhaldsstaði inn á kort og greina frá því hvaða trjátegundir eru á því svæði, jafnvel reikna út fjölda trjáa á fermeter. Þá er hægt að fara í gegnum lauftré, sígræn tré og lággróður í grenndarskóginum. Tegundafjölbreyttni: birki, aspir, greni, fura o.s.frv. Verkefnið gefur einnig tækifæri til að fjalla nánar um lífríkið í skóginum, dýra og fuglalíf.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Verkefnið er undirbúið inni, sama dag eða áður en farið er. Farið í gegnum efni sem sýnir mismunandi trjátegundir og nemendum skipt upp í hópa sem eiga að finna tiltekna tegundir, staðsetja þær og e.t.v. telja fjölda einstakra tegunda. Ef telja á fjölda trjáa á fermeter þá þurfa nemendur að vera búnir að fara í gegnum flatarmálsútreikninga.

Bækur um trjátegundir, skriffæri, blöð og merkisþjöld til að skrifa heiti trjátegundanna á og festa við trén.